

Fimmtudaginn 2. febrúar 1995.

Nr. 120/1993.

Svanur Guðmundsson

(Ólafur Garðarsson hrl.)

gegn

Þrotabúi Íslandslax hf.

(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

Umboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Friðgeir Björnsson dómstjóri.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. mars 1993 og krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Fallast ber á með héraðsdómara, að í ljós sé leitt, að áfrýjandi hafi gert seiðasölusamning við Íslandslax hf. fyrir hönd Guðmundar Runólfssonar hf. án þess að hafa til þess umboð. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur með vísan til forsendna hans.

Áfrýjandi greiði stefnda 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Svanur Guðmundsson, greiði stefnda, Þrotabúi Íslandslax hf., 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 2. mars 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. janúar, er höfðað fyrir aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu af Þrotabúi Íslandslax hf., kt. 480185-0999, Vatnsnesvegi 33, Keflavík, á hendur Svani Guðmundssyni, kt. 031159-2109, Sæbóli 29, Grundarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 3.085.200 kr. með dráttarvöxtum [...].

Pá er þess krafist, að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti [...].
Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar [...].

II.

Málavextir eru þeir, að sumarið 1989 falaðist stefndi, Svanur Guðmundsson sem framkvæmdastjóri Snælax hf., eftir því að fá keypt hjá Íslandslaxi hf. laxaseiði til framhaldsræktunar í fiskeldisstöðinni Snælaxi hf., Grundarfirði. Vegna þess, hve fjárhagsstaða Snælax hf. var léleg á þessum tíma, töldu forsvarsmenn Íslandslax hf. ekki gerlegt að selja Snælaxi hf. seiði.

Stefnandi kveður stefnda þá hafa boðið fram nýjan og traustan kaupanda, hlutafélagið Guðmund Runólfsson. Í beinu framhaldi, 6. júlí 1989, hafi verið gerður skriflegur kaupsamningur um sölu laxaseiðanna milli Íslandslax hf. og Guðmundar Runólfssonar hf. Stefndi, Svanur Guðmundsson, hafi skrifað undir kaupsamninginn f. h. Guðmundar Runólfssonar hf. Kveður stefnandi, að svo hafi um samist, að við afhendingu hafi átt að greiða 300.000 kr., en eftirstöðvar á 18 mánaða skuldabréfi með vöxtum. Skuldabréfin ásamt reikningi vegna kaupanna hafi verið send Guðmundi Runólfssyni hf., en ekki komið til baka undirrituð.

Stefnandi sundurliðar stefnukröfur sínar þannig í stefnu:

Höfuðstóll skv. seiðasölusamningi.....	kr.	2.785.200
Útlagður kostnaður vegna málf lutnings.....	–	300.000
		<hr/>
Samtals stefnufjárhæð	kr.	3.085.200

Stefnandi kveður Íslandslax hf. síðar hafa verið tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota. Hafi þá krafan á hendur Guðmundi Runólfssyni hf. verið ógreidd.

Hinn 14. júní 1990 var þingfest dómsmál á bæjarþingi Grindavíkur á hendur Guðmundi Runólfssyni hf. í þeim tilgangi að fá félagið dæmt til þess að standa við og efna seiðasölusamninginn frá 6. júlí 1989. Niðurstaða þess máls varð sú, að hlutafélagið Guðmundur Runólfsson var sýknað af kröfum Íslandslax hf., þar sem stefndi, Svanur Guðmundsson, hefði ekki haft umboð til þess að skuldbinda Guðmund Runólfsson hf.

Stefndi kveðst mótmæla því að hafa sagt eða gefið í skyn við framkvæmdastjóra Íslandslax hf., að hann væri framkvæmdastjóri Guðmundar Runólfssonar hf. eða gæti skuldbundið það fyrirtæki. Seiðin hefðu verið send fyrirtækinu Snælaxi hf. og farið í fiskeldiskvíar þess fyrirtækis. Hefðu seiðin við gjaldþrot Snælax hf. verið talin eign þrotabúsins. Stefndi kveður 300.000 kr. hafa verið greiddar af stefnda Snælaxi hf. við móttöku seiðanna og kvittun fyrir móttöku seiðanna gerða á bréfhaus Snælax hf. Hins vegar hafi aldrei verið gengið frá samningum við Guðmund Runólfsson umfram

áðurnefnt uppkast af myndbréfi. Þá hafi aldrei verið undirritað skuldabréf það, sem getið sé um í myndbréfsuppkastinu, er í raun hafi verið sú ábyrgð, sem stefnandi hafi ætlað að fá Guðmund Runólfsson hf. til þess að takast á hendur í þessum viðskiptum. Þá hafi það og komið fram, að um leið og ljóst hafi verið, að Guðmundur Runólfsson hf. gerðist ekki aðili að samningnum, hafi stefndi og framkvæmdastjóri Guðmundar Runólfssonar hf. haft samband við stefnanda og tjáð honum það og boðið stefnanda, að seiðin yrðu endursend eða þau fódruð á kostnað stefnanda, þar til annað yrði ákveðið eða fundinn nýr kaupandi. Þessu hafi stefnandi hafnað.

III.

Stefnandi reisir kröfur sínar í máli þessu á því, að Íslandslax hf. og Guðmundur Runólfsson hf. hafi gert með sér bindandi og gagnkvæman kaupsamning um sölu á laxaseiðum. Stefndi, Svanur, hafi haft undir höndum stimpil félagsins. Umbodsmennska hans hafi ekki einungis lýst sér í orðum, heldur einnig í verki, þar sem hann hafi ætíð komið fram við forsvarsmenn Íslandslax hf. eins og hann hefði heimild til þess að skuldbinda hlutafélagið Guðmund Runólfsson. Síðar hafi komið í ljós, að stefndi hafi ekki haft þá heimild. Stefndi kveðst hafa staðið við sinn hluta samningsins með því að afhenda seiðin á umsömdum tíma, en kaupandi seiðanna, Guðmundur Runólfsson hf., hafi ekki greitt umsamið kaupverð eðli máls samkvæmt. Stefndi heldur því fram, að stefndi hafi skuldbundið Guðmund Runólfsson hf. vitandi vits án heimildar í þeim tilgangi einum að ná seiðunum frá stefnanda, þótt honum hafi verið það ljóst, að hann hefði ekki heimild til þess. Stefndi beri því persónulega ábyrgð á þeirri athöfn sinni að gera kaupsamning í nafni Guðmundar Runólfssonar hf. án umboðs til þess að skuldbinda félagið. Stefndi hafi ekki getað innheimt kaupverð seiðanna hjá Guðmundi Runólfssyni hf., sbr. dóm bæjarþings Grindavíkur frá 2. júlí 1991. Íslandslax hf., nú þrotabúi Íslandslax hf., eigi að vera eins sett og það hefði verið, ef stefndi hefði getað haldið kaupunum upp á umbjóðandann, Guðmund Runólfsson hf. Stefndi beri persónulega og hlutlæga bótaábyrgð á því tjóni, sem þrotabúi Íslandslax hafi orðið fyrir vegna þessa. Stefndi kveðst gera þá kröfu á hendur stefnda, að hann greiði allan sannanlegan kostnað, sem stefndi hafi þurft að greiða vegna tilrauna hans til þess að innheimta kaupverð seiðanna.

Um lagarök vísar stefndi til 25. gr. laga nr. 7/1938. Vaxtakrafan er studd III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Kröfu um málskostnað styður stefndi XII. kafla laga nr. 85/1936. Um heimild til málshöfðunar vísar stefndi til 91. gr. og 112. gr. laga nr. 6/1978, en Sigurmar K. Albertsson hrl. sé skipaður skiptastjóri í þrotabúi Íslandslax hf.

Sýknukröfu sína reisir stefndi á því, að aldrei hafi verið fyrir milligöngu hans gerður bindandi seiðasölusamningur milli stefnanda og Guðmundar Runólfssonar hf., heldur aðeins lauslegt uppkast um hugsanlegt efnisinnihald slíks samnings, ef til kæmi. Enn fremur heldur stefndi því fram, að framkvæmdastjóra og forráðamönnum Íslandslax hf. hafi verið eða mátt vera fullkunnugt um stöðu stefnda sem framkvæmdastjóra Íslandslax hf. og að hann hafi ekki haft neina heimild til þess að skuldbinda Guðmund Runólfsson hf. Stefndi kveðst mótmæla þeirri fullyrðingu stefnanda, að hann hafi vísitandi skuldbundið Guðmund Runólfsson hf. án þess að hafa til þess umboð, og mótmælir persónulegri ábyrgð samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1936. Stefndi kveðst alla tíð hafa komið fram sem framkvæmdastjóri Snælax hf. og aldrei leynt stefnanda því, að hann hefði ekkert umboð til þess að skuldbinda Guðmund Runólfsson hf. Framkvæmdastjóri stefnanda hafi tekið áhættuna og ábyrgðina á því að senda seiðin Snælaxi hf., án þess að gengið hefði verið frá samningum við Guðmund Runólfsson hf. eða öðrum tryggingum, þar sem honum hafi verið kunnugt um slæma stöðu Snælax hf. Samningur sá, sem í raun hafi komist á, hafi verið milli Snælax hf. og Íslandslax hf. Greiddar hafi verið 300.000 kr. fyrir seiðin út af tékkhefti Snælax hf., kvittað fyrir móttöku þeirra á bréfsefni Snælax hf. og þau vistuð í fiskeldiskvíum fyrirtækisins og síðar talin eign þrotabúsins.

Um lagarök vísar stefndi til meginreglna samningalaga nr. 7/1936 og þá sérstaklega 25. gr. þeirra laga. Málskostnaðarkröfu reisir stefndi á XII. kafla laga nr. 85/1936.

IV.

Samkvæmt dómi bæjarþings Grindavíkur 2. júlí 1991 í málinu nr. 556 b/1990 hafði stefndi, Svanur Guðmundsson, sem var framkvæmdastjóri Snælax hf. á þeim tíma, er umrædd seiðakaup fóru fram, ekki umboð til þess að skuldbinda hlutafélagið Guðmund Runólfsson hf. Þrotabú Íslandslax hf. hefur því höfðað mál þetta á hendur stefnda á grundvelli 25. gr. laga nr. 7/1936 og krafið hann um bætur fyrir það tjón, sem Íslandslax hf. hafi orðið fyrir við það, að gerningnum varð ekki beitt gegn Guðmundi Runólfssyni hf.

Lagðar hafa verið fram sem dskj. nr. 3 dómsgerðir í fyrrgreindu máli nr. 556 b/1990.

Fram hefur komið í máli þessu, að framkvæmdastjóri Íslandslax hf. vildi ekki gera samning um seiðakaup við Snælax hf., þar sem honum var kunnugt um, að það fyrirtæki stóð höllum fæti. Stefndi notaði stimpil hlutafélagsins Guðmundar Runólfssonar á umræddan seiðasölusamning, enda þótt stefndi fullyrði, að hann hafi aldrei haft til þess umboð. Stefndi gerði því

seiðasölusamning við Íslandslax hf. án þess að hafa til þess umboð og tók við seiðum samkvæmt þeim samningi. Á fram lögðum ljósritum úr Hlutafélagaskrá sést, að fjórir af fimm stjórnendum hlutafélagsins Snælag hf. voru jafnframt í stjórn hlutafélagsins Guðmundar Runólfssonar hf., en stjórn þess félags skipuðu sex menn. Voru fyrirtæki þessi til húsa á sama stað.

Með hliðsjón af framansögðu verður að telja ósannað, að framkvæmdastjóra Íslandslax hf. hafi verið kunnugt um umboðsskort stefnda. Ber því stefnda að bæta stefnanda það tjón, sem Íslandslax hf. varð fyrir vegna umboðsskorts stefnda, samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1936.

Ósönnuð er sú fullyrðing stefnda, að greiddar hafi verið 300.000 kr. við móttöku seiðanna. Samkvæmt þessu ber stefnda að greiða stefnanda stefnukröfur málsins, enda er ekki tölulegur ágreiningur í málinu að öðru leyti.

Eftir niðurstöðu málsins þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 350.000 krónur.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Undirritaður dómari fékk mál þetta til meðferðar 1. júlí 1992.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Svanur Guðmundsson, greiði stefnanda, þrotabúi Íslandslax hf., 3.085.200 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 27. ágúst 1989 af 2.785.200 kr. til 1. september 1991, en af 3.085.200 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 350.000 kr. í málskostnað, er beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.